

Reglur Félags íslenskra félagsvísindamanna um þóknanaeiningar

Reglur þessa gilda um þá aðila sem gegna trúnaðarstörfum fyrir Félag íslenskra félagsvísindamanna. Þær gilda um þóknunir til kjörinna eða tilnefndra fulltrúa félagsins sem sitja fundi í stjórn félagsins eða fyrir hönd félagsins, taka sæti í nefndum eða starfshópum, ef annar aðili greiðir ekki þóknun fyrir þau störf.

1. Þóknunareining félagsins er samsvarandi þóknunareiningu BHM sem skal uppfærð um hver áramót miðað við breytingar á launavísitölu frá 1989.
2. Lágmarkspóknun fyrir hvern fund er 2 þóknunareiningar. Fyrir hverja klukkustund sem fundur þarf að standa umfram 2 klukkustundir er greidd 1 þóknunareining til viðbótar við lágmarkspóknun.
3. Lágmarkspóknun formanns og ritara á stjórnarfundum eru 3 þóknunareiningar. Fyrir hverja klukkustund sem fundur þarf að standa umfram 2 klukkustundir er greidd 1 þóknunareining til viðbótar við lágmarkspóknun. Sama gildir fyrir þann aðila sem situr fundi formannaráðs BHM fyrir hönd félagsins.
4. Almennt er undirbúningstími innifalinn í lágmarkspóknun en þó er heimilt að víkja frá þeirri reglu ef þátttaka í fundi krefst mikils undirbúnings. Slíkt skal alltaf ræða fyrirfram.
5. Heimilt er að greiða stjórn auka þóknunareiningar vegna vinnu sem framkvæmd er milli funda og er umfram hefðbundinn undirbúning. Slíkt skal alltaf ræða fyrirfram.
6. Formaður fær greidda óhagræðisgreiðslu til þess að koma til móts við ófyrirséða vinnu við að gæta hagsmuna félagsmanna sem erfitt er að mæla í unnum klukkustundum. Greiða skal formanni 10 þóknunareiningar á mánuði í óhagræðisgreiðslu.
7. Vegna aukinna tölvupóst samskipta fá kjörnir fulltrúar í stjórn tvær þóknunareiningar á önn, eða fjórar einingar á ári, til að koma til móts við vinnu utan funda.
8. Risna er ekki greidd nema heimildar sé aflað fyrirfram hjá stjórn.
9. Kjörnir fulltrúar eða tilnefndir fulltrúar skulu sjálfir halda bókhald um þátttöku sína í fundum þar sem tilefni fundar og dagsetning komi fram og skila til formans. Formaður og gjaldkeri félagsins skulu fara yfir fjölda þóknunareininga stjórnar og annara tilnefndra fulltrúa áður en þeim er skilað til greiðslu hjá þjónustuskrifstofu félagsins.
10. Þóknunareiningar og óhagræðisgreiðsla formanns eru greiddar út tvisvar á ári, í júní og desember.
11. Stjórn félagsins getur breytt þessum reglum á stjórnarfundum sem hefur verið boðaður með lögumætum hætti.